

Mánudaginn 3. marz 1947.

Nr. 1/1947. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Vinnuveitenda-  
félags Akureyrar** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)  
gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafé-  
lags Akureyrarkaupstaðar**  
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Deilt um lögmati uppsagnar kjarasamnings og eftirfarandi verkfalls.

#### Dómur:

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 17. jan. þ. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akureyrar gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar. Eru dómkröfur stefnanda þær, *aðallega* að dæmt verði, að kjarasamningur milli Verkamannafélags Akureyrar og Óla Konráðssonar frá 21. des. 1944 hafi fallið úr gildi með samningi aðilja máls þessa frá 26. júní f. á. og sé því uppsögn stefnda á fyrrnefndum samningi, er fram fór 30. ágúst f. á., markleysa, *en til vara* að dæmt verði, að nefnd uppsögn hafi verið ólögmet.

En hvor þessara krafna, sem til greina yrði tekin, þá krefst stefnandi þess enn fremur, að dómurinn kveði svo á, að netaverkamönnum á Akureyri beri beint samkvæmt samningi málsaðilja frá 26. júní 1946, eða venju, grunnkaup samkvæmt 1. lið 1. mgr. 5. gr. nefnds samnings, og að krafa stefnds verkamannafélags um grunnkaupshækkun netaverkamanna, í kr. 2.80 pr. klst., hafi verið ólögmet, og enn fremur, *að* verkfall verklyðsfélagsins hjá netaverkstæðaeigendum á Akureyri, er stóð yfir frá 24. okt. til 4. nóv. f. á., hafi verið ólögmet.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa og málsatvik eru þessi:

Þann 21. desember 1944 gerði Óli Konráðsson netagerðar- maður á Akureyri, sem var félagsmaður í Vinnuveitendafélagi Akureyrar, og hafði verið það a. m. k. frá 10. júní 1944, samning við Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar um kaup og kjör þess fólks, er hjá honum vinnur við neta- og nóta- vinnu. Samningur þessi er í 5 liðum. Í fyrsta lið er kveðið á um kauphæð. Í öðrum lið er sagt, hvaða kaup skuli goltið um sildveiðitímamann. Þriðji liður segir, að útborgun vinnu- launa skuli fara fram mánaðarlega. Fjórti liður kveður á um uppsagnarfrest. Skal hann vera einn mánuður, nema fyrstu þrjá mánuði byrjanda, þá er hann vika. Fimmti liður hljóðar svo: „Að öðru leyti skal farið eftir samningum Verkamanna- félags Akureyrarkaupstaðar, gerðum við atvinnurekendur í júlí 1944.“ Loks er ákveðið, að samningur þessi skuli gilda frá 1. okt. 1944.

Kaup það, sem um var samið með samningi þessum, var kr. 1.60—2.20 á klst., miðað við lengd starfstíma við þess konar vinnu, en þeir, sem stundað höfðu nótarvinnu í tvö ár, þ. e. þriggja mánaða vinnu tvö sumur, skyldu fá kr. 2.50 um klst. Var það sama kaup og grunnkaup verkamanna á Akur- eyri í almennri dagvinnu samkvæmt samningum verklyðs- félagsins við atvinnurekendur frá því í júlí 1944. Haustið 1945 fengu verkamenn hjá Óla því framgengt, án þess að gerður væri um það sérstakur skriflegur samningur, eða verkamannafélagið hlutaðist sérstaklega til um það, svo vitað sé, að kaup þeirra allra yrði jafnhátt og goltið var í al- mennri verkamannavinnu, þ. e. kr. 2.50 um klst., og stóð svo til júníloka s.l. ár, er kaup í almennri dagvinnu hækkaði í kr. 2.65, samkvæmt samningnum frá 26. júní s.l. Frá þeim tíma og til 3. nóv. f. á., er samið var á ný, svo sem síðar verður lýst, kveðst Óli hafa, samkvæmt kröfu verkafólks síns, greitt kr. 2.65 á klst. En ekkert hefur komið fram um það í málinu, né því verið haldið fram af hálfu stefnanda, að horfið hafi verið frá öðrum ákvæðum samningsins frá 21. des. 1944.

Sigfús Baldvinsson, sem einnig rekur nú atvinnustofu á

Akureyri og er einnig félagi í Vinnuveitendafélagi Akureyrar, lét hefja vinnu við netabætingar 2. jan. 1946. Greiddi hann starfsfólki sínu kaup samkvæmt „gildandi almennum verkalyðstaxta Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar þar til 3. nóv. s.l.“, eins og segir í skýrslu hans, þ. e., að því er virðist, kr. 2.50 á klst., þar til í júlímánuði 1946, en kr. 2.65 frá þeim tíma til 3. nóv. s.l. Þó kveðst hann hafa greitt nokkrum mönnum, sem ekki töldust fullgildir í þessari grein (lærlingar), kaup samkvæmt samningi Óla Konráðssonar, frá 21. des. 1944 til 1. júlí 1946, en frá þeim tíma hafi einnig þeir krafizt og fengið kaup samkvæmt samningi þeim, er þá gekk í gildi. Er af þessu ljóst, að Sigfús hefur þekkt samninginn við Óla og farið eftir honum að þessu leyti hálfri árið 1946, en hins vegar hefur ekki komið fram, að hann hafi bundizt honum skriflega né gert annan slíkan samning við verkamannafélagið.

Hinn 26. júní 1946 er gerður kjarasamningur milli Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar annars vegar og Vinnuveitendafélags Akureyrar o. fl. hins vegar. Kom hann í stað áðurnefnds samnings frá því í júlí 1944 milli sömu aðilja. Samkvæmt 5. gr. hans er kaup í almennri dagvinnu kr. 2.65, en kr. 2.80 eða kr. 2.90 á klst. í ýmis konar sérstaklega tiltekinni vinnu.

Þann 30. ágúst s.l. sagði verkamannafélagið upp samningnum við Óla Konráðsson frá 21. des. 1944, frá 30. sept. s. á. að telja. Var uppsögn þessari beint til Óla og honum sent uppkast að nýjum samningi og þess óskað, að viðræður hæfust, en hann taldi sig þá, að sögn stefnda, ekki samningsaðilja um þessi mál, þar sem hann væri félagsmaður í Vinnuveitendafélagi Akureyrar. Eftir nokkrar árangurslausar viðræður, að því er virðist við forráðamenn vinnuveitendafélagsins, tilkynnti verklýðsfélagið vinnuveitendafélaginu með bréfi, dags. 9. okt. f. á., að verkfall mundi hefjast hjá atvinnurekendum í neta- og nótavinnu frá og með 16. okt. f. á., ef samningar hefðu ekki tekizt fyrir þann tíma um nefnda vinnu. Verkfalli þessu mótmælti vinnuveitendafélagið sem ólögmetu, þar sem samið hefði verið um kaup fyrir þessa vinnu með samningnum frá 26. júní f. á. Samkomulag varð ekki um þetta milli aðilja, og hófst verkfall í umræddri vinnu, er stóð frá 24. okt. til 4. nóv. f. á. Lauk því með samningi deiluaðilja, dags. 3. nóv. f. á., en með honum er samið allýtarlega um kaup

og kjör fólks, sem starfar að því að búa til og bæta sildar-nætur. Í 4. gr. þess samnings er kveðið svo á, að það skuli fara eftir því, hver úrslit verði hér fyrir dómi á ágreiningi samningsaðilja um skilning á vinnusamningnum frá 26. júní f. á., hvort kaup verkafólks verði kr. 2.65 eða kr. 2.80 á klst. Skipta því úrslit máls þessa, þegar af þeirri ástæðu, máli fyrir málsaðilja.

Stefnandi byggir kröfur sínar í máli þessu á því, að með nefndum samningi frá 26. júní 1946 hafi samningurinn við Óla Konráðsson verið þegjandi úr gildi felldur. Styður hann þá staðhæfingu sína þeim rökum, að með því að krefjast almenns verkamannakaups þegar haustið 1945 og fara síðan eftir kaupum í almennri verkamannavinnu, hafi netavinnufólkið sjálfkrafa fallið undir hin almennu ákvæði í samningum málsaðilja um kaup í almennri dagvinnu. Sé það nú samkvæmt 1. lið 1. mgr. 5. gr. nefnds samnings kr. 2.65 á klst., en aðrir liðir greinarinnar komi hér ekki til álita, því í þeim sé tæmandi upptalning á þeirri vinnu, sem skuli goldin hærra kaupum, og sé netavinna ekki talin þar með. Vinnuveitendur hafi því mátt gera ráð fyrir, að engir sérsamningar væru í gildi, né ættu að gilda, um vinnu þessa. Krafa stefnda, um annað og hærra kaup netavinnufólkinu til handa og nýja samninga vegna þess, hafi því brotið í bága við síðastnefndan samning og verið ólögmat. Þá heldur stefnandi því fram og byggir varakröfu sína á því, að þó ekki yrði litið svo á, að samningurinn við Óla hefði fallið niður af sjálfu sér með samningnum frá 26. júní f. á., þá hafi honum ekki verið löglega sagt upp. Samningurinn geymi sjálfur engin uppsagnarákvæði og eigi því við hann uppsagnarákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938. Hefði því orðið að segja honum upp með þriggja mánaða fyrirvara, miðað við 1. október. Þetta hafi ekki verið gert, og sé því uppsögn hans 30. ágúst f. á., miðað við 30. sept. s. á., og eftirfarandi verkfall, hvorttveggja andstætt lögum og ógilt.

Stefndi hefur í fyrsta lagi stutt sýknukröfu sína þeim rökum, að Vinnuveitendafélag Akureyrar sé ekki bært til fyrirsvars eða málshöfðunar út af deilu um gildi samnings þess, er Óli gerði, og komi hún því félagi ekki við.

Svo sem að framan er greint, liggur fyrir yfirlýsing stefnda um það, að Óli hafi, er samningnum við hann frá 21. des. 1944 var sagt upp og leitað var nýrra samninga af hálfu verkamannafélagsins, ekki talið sig réttan samningsaðilja um

mál þessi og vísað til félags síns. Enn fremur hefur af hálfu stefnanda verið lögð fram í málinu skýrsla Óla um framkvæmd oftnefnds sammings, og ekkert hefur komið fram, er bendi til umboðsskorts af hálfu stefnanda, til þess að fara með mál þetta, að því er varðar þau atriði, er snerta kunna Óla sérstaklega. Að þessu athuguðu, þar sem hér er um kjarasamning að ræða, og með tilvísun til 45. gr. laga nr. 80/1938, verður þessi málsástæða, sem leiða ætti til frávísunar að þessu leyti vegna umboðsskorts, ef á réttum rökum væri byggð, ekki tekin til greina.

Að því er snertir aðalkröfu stefnanda, heldur stefndi því fram sér til sýknu, að ekki komi til mála, að samið hafi verið um kaup netavinnufólksins með samningi málsaðilja frá 26. júní f. á. Þegar samið hafi verið við Óla 21. des. 1944 hafi þetta starf verið orðið sérgrein, og því ekki getað talizt til almennrar verkamannavinnu, enda margt af fólki því, er að því vann, kunnáttufólk í starfinu. Telur hann, að ekki skipti máli í þessu sambandi, þó netavinnufólkið hafi um nokkurt skeið, eða frá því haustið 1945, fengið sömu laun og goldin voru þá á Akureyri í almennri dagvinnu. Kaup í síðast talinni vinnu hafi ekki hækkað neitt á tímabilinu frá 1. júlí 1944 til júlí 1946, og því ekki annað gerzt á þessu tímabili en það, að netavinnufólkið hafi fengið kjarabætur, en verklyðsfélagið ekki á nokkurn hátt fallizt á, að horfið yrði frá því, að samið væri um þessa vinnu sérstaklega. Loks hafi netavinnufólkið orðið að krefjast þess sérstaklega að fá kr. 2.65 á klst., eftir að samningurinn frá 26. júní f. á. tók gildi, en þess hefði það ekki þurft, ef atvinnurekendur hefðu þá verið þeirrar skoðunar, að samið hefði verið um netavinnukaupið með þeim samningi.

Varakröfunni mótmælir stefndi á þeim grundvelli, að uppsögn hans 30. ágúst f. á. hafi í alla staði verið lögmæt. Í fyrsta lagi hafi sú venja verið komin á gagnvart Óla að breyta ákvæðum sammingsins án nokkurs uppsagnarfrests, og hefði því verið hægt að segja honum upp án nokkurs frests. Í öðru lagi hafi mánaðar uppsagnarfrestur verið nægilegur, bæði með tilliti til uppsagnarákvæða sammings þess frá júlí 1944, sem samningurinn við Óla vísar til, og einnig hafi það verið og sé venja á Akureyri að segja kjarasamningum upp með mánaðar fyrirvara, en uppsögnina telur hann réttilega miðaða við 1. október, þar sem samningurinn gildir frá þeim degi. Af

Þessu leiði og, að verkfall stefnda síðast liðið haust hafi verið löglegt.

Eins og að framan er greint var Óli Konráðsson orðinn félagi í Vinnuveitendafélagi Akureyrar þegar hann í des. 1944 gerði samninginn við verkamannafélagið. Má af því marka, að á þeim tíma hafi ekki verið litið svo á, að samið hafi verið um kaup fyrir netavinnu með kjarasamningi þeim, sem gekk í gildi í júlí 1944, og netavinna þannig ekki fallið undir hugtakið „almenn dagvinna“ í þeim samningi, enda var umsamið kaup fyrir netavinnu að ýmsu leyti nokkru lægra samkvæmt samningnum við Óla haustið 1944. Og þó grunnkaup í netavinnu hækkaði svo á samningstímabilinu, að það yrði að lokum almennt það sama og kaup í almennri dagvinnu, var ekki gefið, að verkamannafélagið tapaði þar með þeirri aðstöðu, sem það hafði náð að semja sérstaklega um netavinnukaupið.

Ekkert hefur komið fram um það í máli þessu, að vikið hafi verið frá ákvæðum samnings þess, er gerður var við Óla Konráðsson, að undanskildum 1. lið hans um kaupið almennt, svo sem að framan er greint. Hins vegar er það komið fram, að Sigfús Baldvinsson, sem einnig er félagsmaður í Vinnuveitendafélagi Akureyrar, hefur svo síðla sem á árinu 1946 farið a. m. k. að nokkru eftir honum, og það einmitt eftir þeim kaupákvæðum 1. liðs, sem Óli hafði gengið inn á að greiða herra kaup samkvæmt, en umsamið var. En þessir tveir menn eru taldir vera einu atvinnurekendurnir í Vinnuveitendafélagi Akureyrar, sem reka netavinnustofur.

Þegar virt eru þau atriði, sem hér hafa verið rakin, verður ekki talið, að Vinnuveitendafélag Akureyrar hafi haft réttmæta ástæðu til þess að ætla, er það samdi við Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar 26. júlí f. á., að kaup fyrir netavinnu skyldi felast í hinum almennu kaupákvæðum þess samnings, án þess að um það væri samið sérstaklega. Verður aðalkrafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Kemur þá til athugunar varakrafa stefnanda um það, að uppsögnin hafi ekki verið framkvæmd á lögmetan hátt.

Í samningnum frá 21. des. 1944 er ekki getið um neinn uppsagnarfrest, en í V.-lið hans er tekið fram, svo sem áður hefur verið rakið, að samningur verkamannafélagsins við atvinnurekendur frá því í júlí 1944 skuli að öðru leyti, þ. e. að því leyti, sem ekki sé samið um sérstaklega í samningnum frá 21. des. 1944, eiga við um viðskipti aðiljanna. Nú er svo

um samið i nefndum samningum, að uppsagnarfrestur skuli vera einn mánuður miðað við 1. júlí eða 31. des., en þeir samningar tóku gildi 1. júlí 1944 og skyldu gilda til 31. des. s. á. Samkvæmt þessu verður að telja, að samið hafi verið um mánaðaruppsagnarfrest á samningnum frá 21. des. 1944, og þar sem upphaf samningstíma er þar tiltekið, 1. október, er rétt að miða við þann dag. Var uppsögn stefnda 30. ágúst f. á. því lögmet.

Samkvæmt framangreindu þarf ekki að taka aðrar dómkröfur stefnanda til athugunar og verða úrslit málsins þau, að stefndi verður algerlega sýknaður af öllum kröfum hans í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akureyrar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. marz 1947.

Nr. 2/1946. Alþýðusamband Íslands f. h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja (Egill Sigurgeirsson hrl.)  
gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Einars Sigurðssonar, Magnúsar Guðbjartssonar, Ísfélags Vestmannaeyja h/f og Ástþórs Matthíassonar  
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

**Dómur:**

Mál þetta hefur Alþýðusamband Íslands höfðað f. h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja með stefnu, dags. 26. apríl f. á., gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Einars Sigurðssonar, Magnúsar Guðbjartssonar, Ísfélags Vestmannaeyja h/f og Ástþórs Matthíassonar, allra í Vestmannaeyjum.

Hinn 11. júní f. á. var málið flutt munnlega hér fyrir dómi